

2022 | SEPTEMBER
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



FRÆÐSLUEFNI
GJALDEYRISSEKIPTAÞJÓNUSTU

Fræðsluefni gjaldeyrisskiptaþjónustu

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Efninu er ætlað að auðvelda framangreindum aðilum að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat í starfsemi þeirra og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir m.a. á viðmiðunarreglum EBA (*European Banking Authority*) um áhættuþætti, á leiðbeiningum FATF (*Financial Action Task Force*) um áhættumiðað eftirlit með peningasendingum.¹

Eðli gjaldeyrisskipta getur valdið því að þeir sem veita slíka þjónustu eru berskjaldaðir fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ekki síst vegna einfaldleika og hraða viðskiptanna og þeirrar staðreyndar að oft er notast við reiðufé. Enn fremur er eðli viðskiptanna yfirleitt þannig að um er að ræða einstök viðskipti, frekar en að stofnað sé til viðvarandi viðskiptasambands við viðskiptamann sem leiðir til þess að skilningur á hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka getur verið takmarkaður þar sem tengsl við viðskiptamanninn eru takmörkuð. Í ljósi eðlis gjaldeyrisskipta ættu aðilar að ígrunda vel hvaða stýringar og eftirlitskerfi eru innleidd, til þess að tryggja fullnægjandi eftirlit með færslum og tryggja að stýringarnar geti greint óvenjulegar eða grunsamlegar færslur þrátt fyrir að upplýsinga kunni að skorta vegna þess að ekki sé um viðvarandi viðskiptasamband að ræða.

1. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu) og Guidance-RBA-money-value-transfer-services.pdf (fatf-gafi.org)

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru fjársvik, fjárráttur, skattalagabrot, fikni- efnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Áhættuþættir vegna gjaldeyrisskipta

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 að gera áhættumat á annars vegar starfsemi sinni og hins vegar á samningssamböndum og einstökum viðskiptum. Áhættumat á starfsemi skal að lágmarki taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum skal byggja á áhættumati á starfsemi skv. A-lið 5. gr. laga nr. 140/2018. Tilkynningarskyldir aðilar skulu tryggja að áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum endurspegli fyrirbyggjandi áhættu á hverjum tíma og sé í samræmi við þau viðskipti sem viðskiptamaður stundar.

Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættuþættir, ýmist einir og sér eða saman, geta aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað áhættu. Áhættuþættirnir eru ekki tæmandi taldir hér og eru settir fram í dæmaskyni.

Atriði sem varða áreiðanleikakönnun

Til að draga úr áhættu ættu aðilar að skilgreina með skýrum hætti í innri stefnum sínum og verkferlum á hvaða tímavæðing þeir hyggist framkvæma áreiðanleikakannanir á einstökum viðskiptamönnum sínum.

Áreiðanleikakönnunin ætti að lágmarki að ná yfir aðstæður þar sem viðskipti eða skilgreind tengd viðskipti fara yfir 15.000 evrur.

Stefna og/eða verklagsreglur ættu þó að lágmarki að gera grein fyrir:

- á hvaða tímavæðing röð stakra viðskipta jafngilda viðskiptasambandi á milli aðilanna (með hliðsjón af eðlilegu umfangi stakra viðskipta);

- hvernig þekking skuli tengd viðskipti (t.d. til að greina hvort sami viðskiptamaður nálgist margar gjaldeyrisskiptaþjónustur á stuttum tíma eða hvort hópur viðskiptamanna tengist innbyrðis)

Áhættuþættir tengdir vörum, þjónustu og viðskiptum

Dæmi um þætti sem að geta aukið áhættu:

- Viðskipti virðast hvorki hafa efnahagslegan né fjárhagslegan tilgang;
- Viðskipti eru flókin án þess að viðskiptalegar eða lagalegar ástæður búi þar að baki;
- Viðskipti eru óvenju umfangsmikil og/eða ekki í samræmi við efnahagslega getu eða atvinnu viðskiptamanns;
- Samanlögð fjárhæð viðskipta er óvenjulega há og/eða fjöldi og/eða tíðni viðskipta er óvenjulega há án augljósra skýringa;
- Viðskipti eru rétt undir mörkum þess að framkvæma þurfi áreiðanleikakönnun, einkum þegar um er að ræða tíð viðskipti eða mikinn fjölda á skömmu tímabili.

Dæmi um þætti sem geta dregið úr áhættu:

- Skipt er fyrir lágar upphæðir. Aðilar ættu þó að hafa í huga að lágar fjárhæðir einar og sér draga ekki úr hættu á fjármögnun hryðjuverka.

Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni

Tilkynningarskyldir aðilar skulu áhættuflokka viðskiptamenn sína út frá mati á áhættu tengdri peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, að lágmarki með hliðsjón af þeim þáttum sem kveðið er á um í B. lið 5. gr. laga nr.140/2018. Aðilar skulu ekki eingöngu meta áhættu tengda samningssambandi við upphaf viðskiptasambands heldur hafa aðferðir til að fylgjast með áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á fyrirbyggjandi

áhættumat s.s. áhættuþætti tengdri hegðun viðskiptamanns á meðan á samningssambandi stendur.

Dæmi um áhættuþætti tengda **starfsemi** viðskiptamanns:

- Viðskiptamaður stundar starfsemi þar sem að mikið magn af reiðufé er notað;
- Starfsemi viðskiptamanns er með flókið og/eða ógagnsætt eignarhald;
- Starfsemi viðskiptamanns gæti verið tengd við fjármögnun hryðjuverka vegna þess að hann er opinberlega þekktur fyrir öfgakenndar skoðanir eða þekktur fyrir að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi;
- Starfsemi viðskiptamanns ber með sér að fjármunirnir séu ávinningur af brotastarfsemi, t.a.m. fíkniefnaviðskipti, mansal eða spilling

Dæmi um áhættuþætti tengda **stöðu** viðskiptamanns:

- Viðskiptamaður er einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, (e. politically exposed person, „PEP“) eða nánasta fjölskylda eða nánir samstarfsmenn hans tilheyra slíkum hópi. Þetta á jafnframt við þegar raunverulegur eigandi fjármuna tilheyrir hópnum.

Dæmi um áhættuþætti tengda **hegðun** viðskiptamanns:

- Hegðun viðskiptamanns virðist ekki hafa efnahagslegan tilgang, t.d. samþykkir viðskiptamaður háa þóknun eða greiðslu hárra viðskiptagjalda án athugasemda;
- Viðskiptamaður er óviljugur, ófær um að veita áreiðanlegar upplýsingar við áreiðanleikakönnun eða veitir ósamrýmanlegar upplýsingar;
- Hópur tengdra viðskiptamanna gefur upp sömu upplýsingar um tengiliði, s.s. heimilisfang, símanúmer eða tölvu-

póstfang, í þeim tilvikum þegar slík upplýsingagjöf er ekki eðlileg eða hefðbundin;

- Viðskiptamaðurinn getur ekki, eða vill ekki, veita upplýsingar um uppruna fjármunanna;
- Viðskiptamaður notar dulnefni, felur eignarhald eða gefur upp mismunandi heimilisföng;
- Viðskiptamaður er reiðubúinn að greiða óvenjulegar þókn-anir til að viðskiptin geti átt sér stað;
- Viðskiptamaður býður starfsmanni þjóf fé til að viðskipti eigi sér stað;
- Viðskiptamaður spyr óvenjulegra spurninga, hefur í hót-unum og/eða reynir að sannfæra starfsfólk um að forðast tilkynningar;
- Viðskiptamaður hættir við viðskipti þegar hann er upp-lýstur um að framkvæma þurfi áreiðanleikakönnun vegna viðskiptanna;
- Viðskiptamaður óskar eftir að skipta miklu magni af erlend-um gjaldmiðli sem er óskiptanlegur eða óalgengur;
- Viðskiptamaður skiptir miklu magni af gjaldmiðli á lágu nafnvirði yfir í annan gjaldmiðil á hærra nafnvirði, eða ófugt;
- Viðskiptamaður heimsækir mörg útibú sama tilkynningar-skylds aðila á sama degi eða á stuttum tíma;
- Viðskiptamaður spyr um þröskuld þess að óskað sé skilríkja og/eða neitar að svara hefðbundnum spurningum;
- Viðskiptamaður breytir einum erlendum gjaldmiðli yfir í annan erlendan gjaldmiðil;

- Gjaldmiðillinn sem viðskiptamaðurinn vill skipta eða kaupa samræmist ekki ríkisfangi viðskiptamanns, búsetulandi eða staðsetningu, án rökréttar skýringa;
- Fjárhæð viðskiptanna er ekki í samræmi við tekjur við-skiptamanns (ef þær eru þekktar).
- Viðskiptamaður kaupir eða selur mikið magn af gjaldmiðli frá lögsögu sem hefur sterk tengsl og/eða miklar líkur á peningaþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka.
- Viðskiptamaður framvísar röngum eða fölsuðum skilríkj-um, t.a.m. ef skilríkjum eða skjölum er framvísað þar sem mismunandi nöfn koma fram án þess að slíkt sé skýrt með fullnægjandi hætti.
- Viðskiptamynstur ber með sér að fjármunirnir séu ávinn-ingur af brotastarfsemi, t.a.m. fíkniefnaviðskipti, mansal eða spilling.
- Viðskipti og háttsemi viðskiptamanns gefa til kynna að hann hafi tengsl við brotastarfsemi, aðferðir eða váþætti sem fram koma í efni sem FATF eða fræðsluefni gefið út af yfirvöldum.

Áhættuþættir tengdir löndum og svæðum

Dæmi um þætti sem að geta **aukið** áhættu:

- Tengsl við lönd eða landsvæði sem eru þekkt fyrir að fjár-magna og styðja hryðjuverk, eða þar sem hryðjuverkasam-tök starfa;
- Tengsl við lönd þar sem vitað er að umfangsmikil skipulögð brotastarfsemi þrífist, spilling og annars konar glæpastarf-semi (þ.a.m. gegnumferðarlönd fyrir fíkniefnasölu, mansal og ólögleg fjárhættuspil);
- Tengsl við lönd sem sæta þvingunarráðstöfunum eða annars konar viðurlögum af hálfu alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna;
- Tengsl við lönd sem eru þekkt fyrir veika stjórnskipan, löggæslu og regluverk, þar á meðal ríki sem FATF hefur skilgreint sem ríki með veikt eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

